

T I L L A G A

að starfsreglum um breytingar á ýmsum starfsreglum kirkjuþings.

(Lagt fyrir 64. kirkjuþing 2022-2023).

Flutt af forsætisnefnd.

Frsm. Guðmundur Þór Guðmundsson.

Starfsreglur um kjaranefnd þjóðkirkjunnar nr. 12/2021-2022.

1. gr.

Við 2. gr. starfsreglnanna bætist nýr 5. töluliður svo hljóðandi:

Að ákveða þóknun fyrir störf í nefndum, ráðum, starfshópum og teyllum á vegum þjóðkirkjunnar. Enn fremur ákveður nefndin þingfararkaup kirkjuþingsfulltrúa. Nefndin skal birta ákvarðanir sínar um þóknunir á opnu vefsvæði þjóðkirkjunnar.

Starfsreglur um þingsköp kirkjuþings nr. 11/2021-2022.

2. gr.

a. Orðið „kirkjuráðs“ í 2. másl. 5. mgr. 13. gr. starfsreglna um fellur brott.

b. 3. mgr. 12. gr. starfsreglna fellur brott.

c. Við 2. másl. 1. mgr. 20. gr. starfsreglnanna bætist nýr másl., 3. másl., svohljóðandi:

Skylt er að leggja fram í þingnefndum hverjar þær upplýsingar sem óskað er eftir á þingfundi eða í nefndum, nema lög mæli á annan veg. 3. másl. verður 4. másl.

Starfsreglur um kirkjuþing nr. 10/2021-2022

3. mgr. 6. gr. starfsreglnanna fellur brott.

Ákvæði til bráðabirgða

Ákvarðanir þóknunarnefndar Þjóðkirkjunnar, þ.m.t. ákvörðun sem gildir frá 1. apríl 2022, halda gildi sínu uns kjaranefnd Þjóðkirkjunnar hefur tekið nýja ákvörðun.

Gildistaka.

4. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 8. gr. laga um þjóðkirkjuna nr. 77/2021, öðlast gildi við birtingu.

Greinargerð.

Lagt er til að kjaranefnd þjóðkirkjunnar taki við hlutverki þóknunarnefndar kirkjunnar og ákveði þóknunir fyrir störf í nefndum, ráðum, starfshópum og teyllum á vegum

kirkjunnar. Nái tillaga þessi fram að ganga verða ákvarðanir um launamál Þjóðkirkjunnar, þ.e. kaup og kjör og þóknanir, á einum stað og getur það stuðlað að betri yfirsýn yfir launamál og meira samræmi.

Lagt er til að orðið kirkjuráð í 2. másl. 5. mgr. 13. gr. starfsreglna um þingsköp kirkjuþings nr. 11/2021-2022 falli brott, enda ráðið fallið niður, frá og með 1. janúar 2022.

Þá er lagt til að tekið verði upp að nýju ákvæði sem var í starfsreglum um kirkjuráð nr. 817/2000, en sem féll brott 1. janúar 2022, þegar starfsreglur um kirkjuráð féllu brott. Ákvæðið mælir fyrir um rétt þingnefnda kirkjuþings til að fá upplýsingar sem óskað er eftir á þingfundi eða í nefndum. Telja verður mikilvægt að kirkjuþing hafi þennan rétt áfram. Sá varnagli er sleginn að rétturinn til upplýsinga takmarkast af því að lög kunna að mæla annan veg. Þar gæti t.d. verið um að ræða viðkvæmar persónuupplýsingar sem virða ber trúnað um.

Lagt er lagt til, til samræmis við tillögu í 1. gr. um að kjaranefnd taki við starfi þóknananefndar kirkjunnar, að 3. mgr. 6. gr. starfsreglna um kirkjuþing falli brott.

Að lokum er sleginn sá varnagli að leggja til að kveðið sé á um í ákvæði til bráðabirgða að ákvarðanir þóknananefndar kirkjunnar, sem í gildi eru við gildistöku starfsreglna þessara, haldi gildi sínu uns kjaranefnd hefur tekið nýjar ákvarðanir.

Lagt er til að starfsreglur þessar taki gildi við birtingu.